

Nr. 454

20. apríl 2018

AUGLÝSING um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum frá skipulagsráði Akureyrar hefur löggreglustjórin á Norðurlandi eystra ákveðið að bannað sé að leggja eða stöðva ökutæki við vesturkant Kaldbaksgötu, milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annars vegar og austurkant Laufásgötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hins vegar, allan sólarhringinn frá 1. maí til 25. september 2018.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B24.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

F.h. löggreglustjórans á Norðurlandi eystra, 20. apríl 2018,

Eyþór Þorbergsson, staðgengill löggreglustjóra.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2018